

1160. stjórnarfundur VR

Haldinn miðvikudaginn 10. maí 2017, kl. 17:30 í Kringlunni 7 á 0. hæð.

Mætt voru: Ragnar Þór Ingólfsson, Elizabeth Ann Courtney, Guðrún Björg Gunnarsdóttir, Harpa Sævarsdóttir, Helga Ingólfssdóttir, Ingibjörg Ósk Birgisdóttir, Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir, Ólafur Reimar Gunnarsson, Sigríður Lovísa Jónsdóttir, Sigurður Sigfússon, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir, Unnur María Pálmadóttir, Stefán Sveinbjörnsson framkvæmdastjóri og Árni Leósson sviðsstjóri sem ritaði fundargerð.

Gestir fundarins: Gils Einarsson fyrrum form. VMS og Auðunn Guðjónsson endurskoðandi KPMG

Dagskrá:

1. **Fundargerð 1159. stjórnarfundar VR var lögð fram til samþykktar.**
Ragnar Þór lagði fram fundargerð 1159. stjórnarfundar VR til samþykktar en engar athugasemdir höfðu borist við hana.

Fundargerðin var samþykkt og undirrituð.

2. **Ársreikningur Verslunarmannafélags Suðurlands**

Gils Einarsson fyrrum formaður Verslunarmannafélags Suðurlands (VMS) og Auðunn Guðjónsson endurskoðandi KPMG sem voru gestir fundarins fóru nú yfir framlagða reikninga sjóða VMS og meðfylgjandi samantekið yfirlit yfir reikninga sjóða á slæðum á skjá. Kom fram í máli þeirra m.a. að VR hefði tekið yfir allar eignir og skuldir VMS við sameiningu félaganna í janúar sl. og því þurfi nú að taka fyrir ársreikningana hér þar sem við erum nú orðin stjórn gamla félagsins.

Auðunn fór yfir samantekinn rekstrarreikning 2016 og sagði hann vinnuna byggða á gagnaskoðun og greiningum. Allar afstemmingar séu fyrirliggjandi og engin sérstök eða stór mál komið upp. Kom m.a. fram í máli hans að rekstrartekjur hafi verið 55.2 milljónir króna, rekstrargjöld 62.9 milljónir króna, fjármunatekjur og fjármagnsgjöld 4.4 milljónir króna, eignir samtals 190.6 milljónir krónur, eigið fé 185.7 milljónir króna, og skuldir 4.9 milljónir króna.

Ekki komu fram neinar athugasemdir að lokinni yfirferð og bar Ragnar Þór því ársreikninginn eins og hann hefur verið fram lagður og kynntur upp til samþykkis.

Samþykkt samhljóða.

Þeir Gils og Auðunn þökkðu að því loknu fyrir sig og véku af fundi kl. 18:00

3. Þriggja mánaða uppgjör VR

Stefán lagði fram skjölin „*Lykiltölur VR jan-mars 2017*“, „*Uppgjör deilda VR 31.mars 2017*“ og „*Uppgjör VR jan – mars 2017*“. Fór hann síðan yfir öll helstu atriði og kom m.a. fram í máli hans að fjölgun félagsmanna á tímabilinu væri 6,8% en hluti af skýringunni væri sameiningin við VMS en án þess væri fjölgunin 4% sem þó væri nokkuð mikil fjölgun í sjálfu sér. Símtölum til félagsins er enn að fækka og nú um 2,2% en á móti fjölgar heimsóknum á vr.is um 12% og síðan er gríðarmikil aukning á notkun á „Mínar síður“ eða 26,6%. Póstum á vr@vr.is fjölgar einnig mjög mikið eða um 46,6%. Atvinnulausum félagsmönnum fækkar enn og fækkar þeim um 17,3% og eru nú alls 716.

Þá fór Stefán yfir rekstrartölur en tekjur voru 927.8 milljónir króna, gjöld 796.3 milljónir króna, styrkir úr varasjóði 92 milljónir króna, styrkir úr starfsmenntasjóðum 115.9 milljónir króna og styrkir úr sjúkrasjóði 301.7 milljón króna.

Umræður.

4. Skipun tveggja fulltrúa í Öldungaráð VR

Ragnar Þór sagði frá því að nýlega hafi Þorlákur Jóhannesson og Elín Elíasdóttir hætt í Öldungaráði VR og því hafi verið leitað til þeirra Ingólfs Kristmundssonar og Júlíönu Pálsdóttur um að koma inn í þeirra stað.

Lagði hann til að stjórn samþykkti skipan þeirra í ráðið og bara það upp til atkvæða.

Samþykkt samhljóða.

5. Kaup á orlofshúsi í Stykkishólmi

Sigurður sagði frá kaupum á orlofshúsi í Stykkishólmi en húsið er byggt árið 1908 og var keypt á 30 milljónir króna. Kaupsamningur var gerður með fyrirvara um samþykki stjórnar. Húsið er allt nýuppgerð og er timburhús í hjarta bæjarins. Áætlað er að í því verði svefnpláss fyrir allt að 6 manns.

Umræður.

Ragnar Þór bar svo þessi kaup upp til samþykktar.

Samþykkt samhljóða.

6. Starfsreglur VR Suðurlandsdeildar

Ragnar Þór sagði að á stofnfundi Suðurlandsdeildar hafi verið gerðar örlytlar breytingar á þeim starfsreglum sem áður voru kynntar í stjórn en það hafi aðeins verið orðalagsbreyting en ekkert efnislegt. Fundurinn hafi gengið vel og hafi Rannveig Sigurðardóttir staðið sig vel sem fundarstjóri.

Ragnar Þór bar svo starfsreglurnar upp til samþykktar.

Samþykkt samhljóða.

Fundi var slitið kl. 20:35
Árni Leósson, fundarritari